

IV / 30.1

RÍKISLÖGREGLUSTJÓRINN	SKÝRSLA YFIRHEYRSLA VITNI	RLS
Skýrslu gerir Aldís Hilmarsdóttir, lögreglufulltrúi	Mál nr. 006-2002-00086	
Staður og stund: Skrifstofa efnahagsbrotadeildar, 5. júlí 2004. Kl. 15:00		
Sakarefni: Umboðssvik (249. gr. alm.hgl.) - ólögmætar lánveitingar (104. gr. 2/1995)		
Vitni: Sigfús Sigfússon	Kennitala: 071044-3789	
Starf/staða: Stjórnarformaður Heklu og Vífilfells.	Vinnusími: 590 5000	
Lögheimili: Sunnuvegi 9, 105 Reykjavík	Sími: 590 5910/825 5511	
Dvalarstaður:	Sími:	

Kynnt tilefni yfirheyrslunnar, vitnaskylda og ábyrgð.

Sigfús er mættur til skýrslutöku á skrifstofu efnahagsbrotadeildar samkvæmt boðun. Honum er kynnt ástæða skýrslutökunnar sem varðar rannsókn lögreglu á ætluðum umboðssvikum og ólögmætum lánveitingum tiltekinna forsvarsmanna Baugs-Group hf. í tengslum við viðskipti við Fjárfar ehf.

Sigfús er fyrrverandi stjórnarmaður félagsins Fjárfar ehf. og í ljósi þess var hann boðaður til skýrslutökunnar og óskað eftir því að hann gefi skýrslu sem vitni í málinu.

Sigfúsi er kynnt vitnaskyldan og vitnaábyrgð, þ.e. sú ábyrgð vitnis að skýra satt og rétt frá, og draga ekkert undan sem máli kann að skipta en röng skýrsla vitnis getur varðað refsíábyrgð.

Sigfús kveðst skilja þessi réttarfarsákvæði og er reiðubúinn að tjá sig.

Stofnun, stjórnun og eignarhald Fjárfars ehf.

Sigfús er beðinn um að skýra frá því þegar Fjárfar ehf. var stofnað, aðdraganda þess og þátttöku hans í því ferli.

Sigfús segir að hann hafi komið að stofnun þessa félags af vinargreiða við Tryggva Jónsson, en Tryggvi hafði verið endurskoðandi Heklu áður en hann hóf störf hjá Baugi og þekktust þeir Sigfús síðan þá. Sigfús segir að hann hafi nú ekki spurt Tryggva nánar út í þetta félag eða hvers vegna hann vildi að hann væri skráður stofnandi þess, hann hafi treyst honum. Hann kvaðst þó vita að þetta félag var stofnað til að m.a. til að kaupa 10-11 verslanirnar og ætlunin væri að setja 10-11 á hlutabréfamarkað.

Sigfús kvaðst aðspurður ekki þekkja Sævar Jónsson sem einnig var skráður sem stofnandi félagsins, hann hafi einungis hitt hann einu sinni þegar þeir skrifuðu undir stofnpappírana í Heklu.

Undir Sigfús er borið skjal málsins nr. II/25.1.1 sem er "stofnsamningur fyrir Fjárfar ehf." dags. 11. nóvember 1998. Sigfús er spurður hvort hann kannist við undirritun sína á skjalinu. Einnig er hann spurður hver hafi útbúið þetta skjal.

Sigfús segist þekkja undirritun sína á skjalinu, hann minnir að Tryggvi hafi komið með þetta skjal upp í Heklu fyrir Sigfús að undirrita, segir hann að Sævar hafi komið með Tryggva og það hafi verið fyrsta skipti sem Sigfús hitti Sævar eins og áður hefur komið fram, síðan hafi hann ekki hitt hann fyrr en eftir yfirheyrslur hjá skattrannsóknarstjóra. Sigfús segist ekki geta sagt til um hver hafi útbúið þetta skjal en Tryggvi hafi komið með það. Hann tekur það fram að þetta var allt gert í miklum flýti.

Sigfús er spurður hvort hann hafi greitt það hlutafé sem hann er skráður fyrir skv. stofnsamningnum.

06065

ASL

Sigfús segist aldrei hafa greitt þetta hlutafé, hann kvaðst ekkert vita um það hvort það hafi nokkurn tíma verið greitt eða þá af hverjum. Hann kvaðst aðspurður ekki hafa gert neina athugasemd við Tryggva varðandi þetta við undirritunina.

Undir Sigfús er borið skjal málsins nr. II/25.1.2., “Samþykktir fyrir einkahlutafélagið Fjárfar ehf.” dags. 11. nóvember 1998. Sigfús er spurður hvort hann kannist við undirritun sína á skjalinu.

Sigfús segist þekkja undirritun sína á skjalinu, hann minnir að Tryggvi hafi komið með þetta skjal upp í Heklu fyrir Sigfús að undirrita, segir hann að Sævar hafi komið með Tryggva og það hafi verið fyrsta skipti sem Sigfús hitti Sævar eins og áður hefur komið fram, síðan hafi hann ekki hitt hann fyrr en eftir yfirheyrslur hjá skattrannsóknarstjóra. Sigfús segist ekki geta sagt til um hver hafi útbúið þetta skjal en Tryggvi hafi komið með það. Hann tekur það fram að þetta var allt gert í miklum flýti.

Undir Sigfús er borið skjal málsins nr. II/25.1.3., “Fundargerð”, dags. 11. nóvember 1998. Sigfús er spurður hvort hann kannist við undirritun sína á skjalinu. Sigfús er spurður hvar og hvenær þessi fundur hafi átt sér stað og hverjir voru viðstaddir þennan fund auk Sigfúsar og Sævars.

Sigfús segist þekkja undirritun sína á skjalinu, hann minnir að Tryggvi hafi komið með þetta skjal upp í Heklu fyrir Sigfús að undirrita, segir hann að Sævar hafi komið með Tryggva og það hafi verið fyrsta skipti sem Sigfús hitti Sævar eins og áður hefur komið fram, síðan hafi hann ekki hitt hann fyrr en eftir yfirheyrslur hjá skattrannsóknarstjóra. Sigfús segist ekki geta sagt til um hver hafi útbúið þetta skjal en Tryggvi hafi komið með það. Þetta hafi í raun ekki verið eiginlegur stjórnarfundur þetta hafi verið eitt af þeim skjölum sem Tryggvi kom með og Sigfús undirritaði þann 11. nóvember í Heklu. Þarna voru þeir þrír viðstaddir, Tryggvi, Sævar og Sigfús.

Undir Sigfús er borið skjal málsins nr. II/25.1.4., “Tilkynning til hlutafélagaskrár” dags. 11. nóvember 1998. Sigfús er spurður hvort hann kannist við undirritun sína á skjalinu.

Sigfús segist þekkja undirritun sína á skjalinu, hann minnir að Tryggvi hafi komið með þetta skjal upp í Heklu fyrir Sigfús að undirrita, segir hann að Sævar hafi komið með Tryggva og það hafi verið fyrsta skipti sem Sigfús hitti Sævar eins og áður hefur komið fram, síðan hafi hann ekki hitt hann fyrr en eftir yfirheyrslur hjá skattrannsóknarstjóra. Sigfús segist ekki geta sagt til um hver hafi útbúið þetta skjal en Tryggvi hafi komið með það. Hann tekur það fram að þetta var allt gert í miklum flýti.

Varðandi öll þessi skjöl segir Sigfús að hann hafi ekki lesið þau vel heldur undirritað þau fyrir Tryggva enda sagðist Sigfús hafa borið fullt traust til hans.

Sigfús er beðinn um að lýsa aðkomu sinni að rekstri Fjárfars ehf. og starfi sínu fyrir félagið.

Sigfús segir að aðkomu sína að rekstri Fjárfar alls enga og hann hafi ekki unnið neitt starf fyrir félagið. Aðspurður sagðist Sigfús ekki vita hver í raun var eiginlegur stofnandi félagsins, hver stjórnaði því eða tók ákvarðanir í rekstri þess. Sigfús segir engan ávinning hafi verið í þessu fyrir sig, hann hafi eins og áður hefur komið fram einungis gert þetta af vinargreiða við Tryggva.

Sigfús er spurður í hverra höndum ákvarðanataka hafi verið í viðskiptum Fjárfars ehf. á þeim tíma sem hann var í stjórn félagsins.

Sigfús kveðst ekki vita það, hann hafi í raun ekki einu sinni vitað að það væru nokkur viðskipti í gangi, hann hélt að rekstur þessa félags hefði ekki orðið að veruleika.

Skv. gögnum málsins var Sigfús í stjórn Fjárfars ehf. frá stofnun þess til 30. desember 1999 þegar Helgi Jóhannesson tók við formennsku stjórnar. Sigfús er spurður hvort að það sé rétt og einnig er hann spurður hvort hann hafi haldið sínum eignarhlut þ.e. 1.000.000 kr. hlut í félaginu.

Sigfús segir þetta eflaust vera rétt en vildi taka það fram að hann bað Tryggva mikið fyrir um að fá að losna úr stjórninni. Til að skýra það betur segir Sigfús að á árinu 1999 hafi farið að berast vanskilatilkynningar til hans frá Íslandsbanka vegna lána sem hann hafði skrifað undir fyrir Fjárfar, hafi hann þá beðið Tryggva um að losna úr stjórninni. Það hafi síðan eflaust ekki gerst fyrir en Helgi tók við. Sigfús bendir á að það sé eflaust hægt að fá það uppgefið hjá Íslandsbanka hvenær þessar vanskilatilkynningar voru sendar en hann muni það ekki nákvæmlega.

Eins og Sigfús tók fram þá greiddi hann aldrei stofnhlutaféð og því var ekki um að ræða neina sölu á þeim hlut eða slíkt þegar hann hætti. Sigfús segist ekki vita hvort hann eða einhver annar sé skráður fyrir þessum hlut í dag.

Lánssamningur við Íslandsbanka dags. 16. nóvember 1998:

Undir Sigfús er borið fylgiskjal nr. 7.1 sem er hluti af skýrslu skattranssóknarstjóra ríkisins (SRS) á málefnum Fjárfars ehf. (skjal II/37.4.1-3) sem afhent var embætti ríkislögreglustjóra 29. júní 2004 vegna rannsóknar þessarar. Fylgiskjal 7.1 er lánstilboð dags. 16. nóvember 1998 frá Íslandsbanka til Fjárfars ehf. ásamt samþykki á því dagsett sama dag. Samþykkið f.h. Fjárfars ehf. er undirritað af Sigfúsi sjálfum.

Einnig er borið undir Sigfús fylgiskjal 7.2 - 7.6 sem er hluti af sömu skýrslu SRS (II/37.4.1-3), um er að ræða lánssamning á milli Íslandsbanka og Fjárfars ehf. dags. 16. nóvember 1998. Samningur þessi er undirritaður af Sigfúsi f.h. Fjárfars ehf.

Viðauki 3 fylgiskjal 7.14 (II/37.4.1-3), með þessu láni sem er handveðsyfirlýsing dags. 16. nóvember 1998 er einnig undirritaður af Sigfúsi.

Sigfús er spurður hvort hann kannist við undirritun sína á umræddum skjölum.

Sigfús segist þekkja undirritun sína á þessum skjölum.

Sigfús er spurður sérstaklega í ljósi fyrri framburðar hvers vegna hann ritar undir f.h. Fjárfars ehf.

Hann segir að hann hafi verið beðinn um það, líklegast hafi það verið Tryggvi sem kom með þetta eða hringdi og sendi einhvern með skjölin fyrir Sigfús til að undirrita, hann segist ekki muna það svo glögg. Aðspurður segir Sigfús að Tryggvi hafi verið eini maðurinn sem hann átti í samskiptum við vegna Fjárfars.

Sigfús er spurður hvort að hann hafi einhverja vitneskju um þau viðskipti sem þessi skjöl eru hluti af. Ef ekki er Sigfús er spurður hver hafi tekið ákvarðanir um þessi viðskipti.

Hann segist ekki þekkja þau og ekki vita hver tók ákvarðanir um þau.

Lánssamningur við FBA dags. 10. nóvember 1999:

Undir Sigfús er borið fylgiskjal nr. 12.6-12.11 sem er hluti af sömu skýrslu SRS (II/37.4.1-3), um er að ræða lánssamning á milli Fjárfars og FBA hf. dags. 10. nóvember 1999 og fylgiskjal 12.12 sem er beiðni um útborgun þess láns. Bæði þessi skjöl eru undirritað af Sigfúsi f.h. Fjárfars ehf.

Sigfús er spurður hvort hann kannist við undirritun sína á umræddum skjölum.

Sigfús segist þekkja undirritun sína á þessum skjölum.

Sigfús er spurður sérstaklega í ljósi fyrri framburðar hvers vegna hann ritar undir f.h. Fjárfars ehf.

Hann segir að hann hafi verið beðinn um það, líklegast hafi það verið Tryggvi sem kom með þetta eða hringdi og sendi einhvern með skjölin fyrir Sigfús til að undirrita, hann segist ekki muna það svo glögg.

Sigfús er spurður hvort að hann hafi einhverja vitneskju um þau viðskipti sem þessi skjöl eru hluti af. Ef ekki er Sigfús er spurður hver hafi tekið ákvarðanir um þessi viðskipti.

Hann segist ekki þekkja þau og ekki vita hver tók ákvarðanir um þau.

Lánssamningur við FBA dags. 12. nóvember 1999:

Undir Sigfús er borið fylgiskjal nr. 12.13-12.17 sem er hluti af sömu skýrslu SRS (II/37.4.1-3), um er að ræða lánssamning á milli Fjárfars og FBA hf. dags. 12. nóvember 1999 og fylgiskjal 12.18 sem er beiðni um útborgun þess láns. Bæði þessi skjöl eru undirrituð af Sigfúsi f.h. Fjárfars ehf.

Sigfús er spurður hvort hann kannist við undirritun sína á umræddum skjölum.

Sigfús segist þekkja undirritun sína á þessum skjölum.

Sigfús er spurður sérstaklega í ljósi fyrri framburðar hvers vegna hann ritar undir f.h. Fjárfars ehf.

Hann segir að hann hafi verið beðinn um það, líklegast hafi það verið Tryggvi sem kom með þetta eða hringdi og sendi einhvern með skjölin fyrir Sigfús til að undirrita, hann segist ekki muna það svo glögg.

Sigfús er spurður hvort að hann hafi einhverja vitneskju um þau viðskipti sem þessi skjöl eru hluti af. Ef ekki er Sigfús er spurður hver hafi tekið ákvarðanir um þessi viðskipti.

Hann segist ekki þekkja þau og ekki vita hver tók ákvarðanir um þau.

Lánssamningur við FBA dags. 5. nóvember 1999:

Undir Sigfús er borið fylgiskjal nr. 12.24-12.29 sem er hluti af sömu skýrslu SRS (II/37.4.1-3), um er að ræða lánssamning á milli Fjárfars og FBA hf. dags. 5. nóvember 1999 og fylgiskjal 12.30 sem er beiðni um útborgun þess láns. Bæði þessi skjöl eru undirrituð af Sigfúsi f.h. Fjárfars ehf.

Sigfús er spurður hvort hann kannist við undirritun sína á umræddum skjölum.

Sigfús segist þekkja undirritun sína á þessum skjölum.

Sigfús er spurður sérstaklega í ljósi fyrri framburðar hvers vegna hann ritar undir f.h. Fjárfars ehf.

Hann segir að hann hafi verið beðinn um það, líklegast hafi það verið Tryggvi sem kom með þetta eða hringdi og sendi einhvern með skjölin fyrir Sigfús til að undirrita, hann segist ekki muna það svo glögg.

Sigfús er spurður hvort að hann hafi einhverja vitneskju um þau viðskipti sem þessi skjöl eru hluti af. Ef ekki er Sigfús er spurður hver hafi tekið ákvarðanir um þessi viðskipti.

Hann segist ekki þekkja þau og ekki vita hver tók ákvarðanir um þau.

Viðskipti við Baug-Group hf. 2000 - 2001:

Sigfúsi er kynnt að þau viðskipti sem um ræðir og eru m.a. tilefni þessarar skýrslutöku hafi átt sér stað á tímabilinu frá maí 2000 til febrúar 2001. Skv. gögnum málsins var Sigfús í stjórn Fjárfars ehf. frá 11. nóvember 1998 til 30. desember 1999. Sigfús er spurður hvort hann hafi einhverja vitneskju um eftirtalin viðskipti:

16.05.2000: "Hlutfé selt Fjárfari, 5m * 12,9" - kr. 64.500.000

30.06.2000: "Baugur.net selt til Fjárfars" - kr. 50.000.000

13.02.2001: "Fjárfar ehf. ógr. hlutfjárukning" - kr. 85.758.591

Sigfús segist enga vitneskju hafa um þessi viðskipti.

Sigfús er spurður hvort hann hafi tekið þátt í einhverju viðskiptum á vegum Fjárfars á annan hátt en nú hefur komið fram með undirritun hans á lánessamninga.

Sigfús ítrekar að hann hafi ekki komið að neinum viðskiptum nema að undirritun þessara samninga og skjala en eins og komið hefur fram vissi hann ekki hvaða viðskipti lágu þar að baki.

Aðspurður segist Sigfús aldrei á þessu tímabili sem stjórnarmaður hafa spurt Tryggva hvaða viðskipti væru í gangi að baki þessum lánessamningum. Sigfús sagði að hann hafi aldrei rætt Fjárfar eða rekstur þess við Tryggva utan þegar hann skrifaði undir stofnpappírana og lánessamningana í nóvember í nóvember 1998 og þegar hann fór að fá vanskilatilkynningarnar frá Íslandsbanka og bað Tryggva að afskrá sig úr stjórninni.


Sigfús er spurður hvort hann hafi einhverju við framburð sinn að bæta en hann kveður svo ekki vera.

Skýrslutöku lauk kl. 16¹⁰

Staðfest rétt eftir haft:

Skýrsluna skráði:


Sigfús Sigfússon


Aldís Hilmarsdóttir

IV/30.2

RÍKISLÖGREGLUSTJÓRINN	SKÝRSLA YFIRHEYRSLA VITNI	RLS
Skýrslu gerir 9813 Birgir Jónasson, lögreglufulltrúi	Mál nr. 006-2002-00086	
Staður og stund: Miðvikudagur 29. júní 2005 kl. 8:45 – Skrifstofa RLS, Skúlagötu 21, Reykjavík		
Sakarefni: Rannsókn á ætluðum brotum forráðam. Baugs hf. og skyldra félaga – Vöruveltan hf./Litla fasteignafélagið ehf.		
Vitni: Sigfús Sigfússon	Kennitala: 071044-3789	
Starf/staða:	Vinnusími:	
Lögheimili: Sunnuvegi 9, 104 Reykjavík	Sími: 569 4510/824 4511	
Dvalarstaður:	Sími:	

Sigfús Sigfússon er mættur til yfirheyrslu á skrifstofu Ríkislögreglustjórans samkvæmt boðun. Honum er kunnert um tilefni yfirheyrslunnar, sem er opinber rannsókn á ætluðum brotum forráðamanna Baugs hf. og skyldra félaga í tengslum við kaup hlutafjár í Vöruveltunni hf. á árunum 1998 og 1999. Enn fremur er til rannsóknar ætluð refsiverð háttsemi er lýtur að kaupum og sölu fasteigna til og frá Litla fasteignafélaginu ehf. á árunum 1998 og 1999.

Sigfús nýtur réttarstöðu vitnis við rannsókn málsins samkvæmt lögum um meðferð opinberra mála nr. 19/1991, en samkvæmt fyrirliggjandi gögnum virðist hann hafa átt aðkomu að hlutafélaginu Klukkubúðum hf., sem síðar varð að Vöruveltunni hf., en það var stofnað á því tímabili sem ætluð brot munu hafa verið drýgð. Sigfús hefur áður verið yfirheyrður í þágu rannsóknar málsins, en í þeirri yfirheyrslu var hann spurður um atriði er lutu að einkahlutafélaginu Fjárfari, sem stofnað var í nóvember 1998.

Sigfúsi er kunngerð vitnaskyldan um að öllum sé skylt að mæta fyrir dóm í opinberu máli séu þeir til þess kvaddir, sbr. 1. mgr. 49. gr. laga um meðferð opinberra mála nr. 19/1991. Sigfúsi er kunngerð vitnaábyrgðin sem er sú siðferðislega ábyrgð og refsíábyrgð sem hann kunnir að baka sér með vísitandi eða gáleysislega röngum framburði í skýrslu hjá lögreglu, sbr. 1. mgr. 59. gr. sömu laga. Sigfúsi er kunnert að honum sé óskylt að svara spurningu að viðlagðri vitnaábyrgð ef ætla má að svar við henni feli í sér játningu eða hlutdeild hans eða venslamanna hans í refsiverðri háttsemi, sbr. 51. gr. laga nr. 19/1991. Enn fremur er brýnt fyrir Sigfúsi að segja satt og rétt frá og draga ekkert undan sem máli kunnir að skipta.

Aðspurður segir Sigfús að hann skilji þau réttarfarslaga er honum hafa verið gjörð kunn.

Með Sigfúsi er mættur Brynjar Nielsson, hæstaréttarlögmaður. Sigfús hefur farið þess á leit að Brynjar fái að vera viðstaddur yfirheyrsluna, en Brynjar var verjandi Sigfúsar við rannsókn skattrannsóknarstjóra ríkisins vegna mála tengdum Fjárfari ehf.

Yfirheyrslan fer þannig fram að skýrsla er rituð og skráð í tölvu. Spurningar og eftir atvikum gögn eru lögð fyrir Sigfús og svör hans við þeim bókuð eftir honum í óbeinni ræðu.

Klukkubúðir hf. (síðar Vöruveltan hf.)

Sigfúsi er sýnd samantekt Ríkislögreglustjórans á upplýsingum um skipan stjórnar o. fl. í Klukkubúðum hf. (síðar Vöruveltan hf.). Samantektin er byggð á gögnum sem Ríkislögreglustjórinn aflaði frá hlutafélagaskrá. Samkvæmt samantektinni hefur umrætt félag, Klukkubúðir, verið stofnað 4. desember

06070 JS -

1998. Nafni félagsins hefur síðan verið breytt í Vöruveltuna hf. 23. desember 1998, en félagið hefur síðan runnið inn í Baug hf. 8. júní 2000 samkvæmt samrunaáætlun. Samkvæmt samantektinni er Sigfús sagður hafa setið í stjórn félagsins frá 4. desember 1998 til 15. ágúst 1999, ásamt þeim Eiríki Sigurðssyni og Birni Árnasyni. Umrædd gögn frá hlutafélagaskrá, sem samantektin byggir á, liggja frammi og er Sigfúsi gefinn kostur á að kynna sér þau.

- Skjal rannsóknargagna nr. II/25.11.0

Sigfús er spurður hvort þessar upplýsingar séu réttar.

Sigfús segir að hann kannist ekki við þetta félag og hafi aldrei heyrt á það minnst. Sigfús segir að svo hljóti að vera að Tryggvi Jónsson sem hafi fengið hann til að rita undir þessara pappíra, þá á svipuðum tíma og hann hafi ritað undir pappíra vegna Fjárfars ehf., en samkvæmt dagsetningum þeirra hafi þetta verið á svipuðu tímabili. Sigfús segir að hann kannist við stafagerð sína við undirskriftir í gögnum hlutafélagaskrár.

Sigfús er spurður hver starfsemi þessa félags hafi verið.

Sigfús segir að hann hafi enga hugmynd um hvaða starfsemi þessa félags hafi verið. Sigfús segir enn fremur að hann hafi aldrei hitt Eirík Sigurðsson, Helgu Gísladóttur eða Björn Árnason vegna þessa máls og að sama skapi hafi hann aldrei sótt neinn stjórnarfund vegna þessa félags.

Sigfús er spurður að lokum hvort hann vilji taka eitthvað sérstaklega fram eða koma á framfæri einhverjum ábendingum eða athugasemdum.


Sigfús segir að hann vilji taka fram að honum þykir miður hvernig nafn hans hafi verið misnotað með þessum hætti af vini hans til margra ára, Tryggva Jónssyni. Sigfús segir að hann vilji enn fremur taka fram að telji sig hafa verið blekktan í þessu máli.


Sigfús hefur lesið skýrsluna yfir. Hann telur skýrsluna rétt bókaða og engu við að bæta.

Yfirheyrslu og yfirllestri skýrslu lokið miðvikudaginn 29. júní 2005 kl. 9⁰⁵


Yfirlesio staðfest rétt

Skýrslu gerir


Sigfús Sigfússon


Birgir Jónasson, lögreglufulltrúi

Viðstaddur yfirheyrslu


Brynjar Níelsson, hæstaréttarlögmaður